

Pingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 9. febrúar 2024
UST202312-221/A.B.
10.04.02

Efni: Drög að vinnslutillögu - Aðalskipulag Pingeyjarsveitar 2010-2022 - Heildar- endurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að vinnslutillögu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun vill hér með benda á eftirfarandi atriði sem mikilvægt er að hafa í huga við áframhaldandi vinnu.

Friðlýst svæði

Innan sveitarfélagsins, eins og kemur fram í greinargerð, eru fjölmörg friðlýst svæði. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allri starfsemi og landnýtingu innan friðlýstra svæða sé markaður skýr rammi í aðalskipulagi og lögð áhersla á samræmi tillögunnar við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar hvers svæðis fyrir sig.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í skilmálum fyrir verndarsvæðin (bls. 97) séu sett lykilmarkmið friðlýsinganna, líkt og gert er með skilmála hverfisverndar (bls. 98).

Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sé nauðsynlegt að samráð og samvinna verði við stofnunina um gerð aðalskipulagsins og gerð deiliskipulags að því er tekur til friðlýstra svæða, sbr. 4.2.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Því óskar stofnunin eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu um skipulagsvinnuna hvað varðar friðlýst svæði.

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða (t.d. jaðarsvæði) geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Þetta getur m.a. átt við byggingar, skógrækt, landgræðslu og efnistöku. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Auk þess bendir stofnunin á að fyrirhugað er að vinna að endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá og mikilvægt er að samræmi sé á milli hennar og

skipulagsáætlunarinnar. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að samvinna verði höfð við stofnunina um endurskoðun aðalskipulagsins að því er tekur til friðlýstra svæða, eins og kemur hér fram að ofan. Umhverfisstofnun óskar því hér með eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu varðandi heildarendurskoðunina. Umhverfisstofnun bendir á að ríkt samráð er milli sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæði Mývatns - og Laxár.

Verndun Mývatns og Laxár

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlunin sé í samræmi við lögina og markmið þeirra. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Auk þess eiga lögina að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Umhverfisstofnun bendir á að núverandi starfsemi/landnýting og fyrirhuguð uppbygging innan og í jaðri verndarsvæðisins getur valdi álagi á lífríki, haft áhrif á landslag og ásýnd og þar af leiðandi mögulega rýrt verndargildið. Í drögunum er gert ráð fyrir töluverðri uppbyggingu á svæðum VP-561 (Svæði fyrir fjölbreytilega ferðapjónustu, smáhýsi, gistiskála, tjaldsvæði ásamt tilheyrandi þjónustu), VP-563, VP-562, M-563 (Stofnanir, verslun og önnur þjónustustarfsemi í lágreistri byggð. Gert er ráð fyrir viðkomustað almenningsvagna á reitnum.)

Auk þess er gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð innan verndarsvæðisins, Arnarvatn (ÍB-652) og Gautlönd (ÍB-651).

Því er nauðsynlegt að það komi fram í áætluninni hver núverandi staðan er og hver áhrif tillögunnar verður á verndarsvæðið.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gerð sé valkostagreiningu varðandi framtíðaruppbyggingu atvinnustarfsemi og ferðapjónustu og íbúðabyggðar (sem helst í hendur) í sveitarfélaginu sé horft til lengri tíma og leggur til að aðrir valkostir utan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár séu bornir saman við svæðin sem hér er til umfjöllunar.

Mývatn og leyfisveitingar

Í greinargerð segir að verndarsvæði Mývatns og Laxár sé friðlýst svæði, samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Umhverfisstofnun bendir á að hér er um umsögn stofnunarinnar að ræða varðandi vinnslutillöguna. Ekki er með bréfi þessu verið að fallast á drögin/skipulagsáætlunina eins og segir í ákvæðum laganna. Umhverfisstofnun bendir á að leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Opið svæði við Kálfaströnd

Í greinargerð er gert ráð fyrir opnu svæði (OP-661) sem ætlað til útivistar og náttúruskoðunar, með bílastæði fyrir gesti. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á húsakosti eða yfirbragði landsins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé metið hver áhrif tillögunnar er á verndarmarkmið svæðisins og fuglalíf. Auk þess er mikilvægt að settir séu frekari skilmálar varðandi aðgengi og uppbyggingu.

Íbúðabyggð - Dimmuborgir

Umhverfisstofnun bendir á að Dimmuborgir eru friðlýstar vegna sérstakra hraunmyndana og landslags.¹

Í drögunum er gert ráð fyrir íbúðabyggð (ÍB-661) fyrir 15 hús í jaðri verndarsvæðis Dimmuborga og á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61.gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og hefur hátt verndargildi. Að mati Umhverfisstofnunar er íbúðabyggð á þessum stað til þess fallin að hafa neikvæð og óaftukræf áhrif á hraunið og mun geta rýrt verndargildi Dimmuborga.

Eins og stofnunin benti á hér að ofan þá er mikilvægt við valkostagreiningu varðandi framtíðaruppbyggingu íbúðabyggðar í sveitarfélaginu sé horft til lengri tíma og leggur til að aðrir valkostir utan verndarsvæða (friðlýst svæði og/eða svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum) séu bornir saman við svæðið sem hér er til umfjöllunar.

Vernd hella á Þeistareykjasvæðinu

Umhverfisstofnun bendir á að stofnaður hefur verið samstarfshópur um vernd hella á Þeistareykjasvæðinu og bendir stofnunin á mikilvægi þess að tekið sé tillit til þeirrar vinnu við gerð áætlunarinnar.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eins og hraun, votlendi og fossar. Hægt er að sjá útbreiðslu vistkerfanna og jarðminjanna á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), serstokvernd.ni.is.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/myvatn-og-laxa/dimmuborgir/>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sýndur sé þemauppdráttur þar sem kortlagður sé náttúrulegur birkiskógur sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan sveitarfélagsins er verndargildi hraunasvæða mismunandi og hafa sum svæðin mjög hátt verndargildi (t.d. Dimmuborgir) og önnur sem eru sandorpin og hafa þá lægra verndargildi.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögnum hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa og jarðmyndana sem falla undir 61. gr. laganna og hvernig stefnan samræmist ákvæði laganna.

Varðandi VP-563, Gröf í landi Reykjahlíðar, segir að þar sé gert ráð fyrir allt að 16 smáhúsum fyrir ferðabjónustu. Framkvæmdin skuli vera afturkræf og lagnir lagðar í stíga. Umhverfisstofnun bendir á að þarna er verið að skilgreina 16 smáhýsi í hrauni sem hefur hátt verndargildi innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og óljóst er hvernig framkvæmdin muni verða afturkræf. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi deiliskipulag fyrir Reykjahlíð árið 2014.²

Umhverfisstofnun bendir á að landnotkunarreitir VP-660, F-560, ÍB-565, ÍB-662 og AT-661 eru innan hraunasvæðis sem hefur hátt verndargildi, auk þess eru reitirnir í jaðri og innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Veglagning á gervígáþyrpingu í Aðaldal

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að meta þarf áhrif veglagningar yfir Skjálfandafljót á gervígáþyrpingu í Aðaldal sem eru á náttúruminjaskrá og njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Mikilvægt er að settir séu fram valkostir sem raska ekki gervígágunum sem eru bornir eru saman við þann valkost sem settur er fram í drögnum.

Birki

Í greinargerð kemur fram að innan sveitarfélagsins er þó nokkur birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum sem land, a.m.k. 0,5 ha. að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

² https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Reykjahlid_110814.pdf

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögum hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd og endurheimt náttúruskóga sbr. ákvæði laganna.

Skógrækt og landgræðsla

Í drögum er gert ráð fyrir skógrækt innan og í jaðri friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (nú lög nr. 111/2021) er skógrækt á verndarsvæðum tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Skógrækt á verndarsvæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar, samkvæmt lögum nr. 97/2004. Mikilvægt er að þar sem markmið er að endurheimta horfið skóglendi séu ekki notaðar erlendar trjategundir heldur þær tegundir sem mynduðu hina horfnu skóga. Hafa þarf í huga að ýmsar erlendar trjategundir, s.s. lerki og viðja (*Salix borealis*) eru farnar að dreifa sér og er vert að slíkt sé vaktað. Talsverðu var plantað af erlendum trjategundum í eyjar, hólma og nes á verndarsvæði Mývatns á 20. öld.³

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktar- og landgræðslusvæði séu sýnd á uppdrætti skipulagstillögunnar, en samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) séu þau svæði sem eru fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að settir séu skýrari skilmálar í skipulagsáætlunina þar sem hugað er að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að skilgreind eru skógræktarsvæði, eins og SL-440 og SL- 441 sem ná til votlendissvæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í greinargarð segir að skógrækt muni hafa veruleg áhrif á vistkerfi þar sem hún breytir tegundasamsetningu, tegundafjölbreytni og ásýnd. Þar sem sveitarfélagið á erfitt með að fullyrða um það hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð telur stofnunin nauðsynlegt að sett verði sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum eða búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist

³ <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridlysingar/verndar%20a1%20a6tlun%20M%20bdvatns%20og%20Lax%20a1r-www.pdf>

hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða eða hafi neikvæði áhrif á búsvæði mófugla.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Umhverfisstofnun vill benda á, eins og réttilega kemur fram í greinargerð, að þegar verið er að tala um landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar er verið að tala um vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en orðið landslagsgerðir er hugtak sem var notað í eldri náttúruverndarlögum.

Líffræðileg fjölbreytni

Í greinargerð segir að staðinn verði vörður um sérstæð og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni og á svæðum þar sem alvarleg rof og gróður- og jarðvegseyðing á sér stað verði gróðurvistkerfi endurheimt í samstarfi við bændur, landeigendur og Landgræðslu ríkisins.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.⁴

Um allan heim hnignar fjölbreytni lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.⁵⁶

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan sveitarfélagsins vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistgerða sbr. 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd,

⁴ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolebreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

⁵ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolebreytni-til-framtidar>

⁶ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolebreytileika-hrakar-i-Nordastur-Atlantshafi/>

hvaða skilyrði verða sett í skipulagstillöguna til verndar vistgerðunum og hvernig stefnan sé í samræmi við ákvæði laganna.

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegri fjölbreytni, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru mikilvæg fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ og eru þau m.a. Skjálfandafljót, ofan Aldeyjarfoss, og Sandur-Sílalækur-Skjálfandafljót. Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðin innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Vegir í náttúru Íslands

Í greinargerð kemur fram að haft verður samráð við Umhverfisstofnun varðandi skráningu vega í náttúru Íslands. Umhverfisstofnun mun því veita umsögn eftir þann samráðsfund varðandi vegina. Auk þess bendir stofnunin á að vegaskráin er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða og hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum.

Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.

Umhverfisstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að vegirnir séu settir inn í kortasjá svo hægt sé að rýna þá.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að í júní 2021 gaf umhverfisráðherra út nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.

Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsforvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Sú stefna kemur í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Svæðisáætlun

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um svæðisáætlunina sem sveitarfélagið er þátttakandi í, forsendukafla aðalskipulagsins og hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.⁷

Ýmiss úrgangur

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hugað sé að öðrum úrgangi í áætluninni en t.d. er úrgangur sem fellur til við slátrun og vinnslu fisksins í fiskeldi nýttur til framleiðslu á fiskimjöli og lýsi og fiskur sem drepst á eldistímanum er áætlað að nota í fóður fyrir loðdýr eða moltugerð. Auk þess bendir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa.

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsörðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Urðun óvirks úrgangs

Í greinargerð segir að finna þurfi stað fyrir urðun óvirks úrgangs, t.d. steypubrot. Umhverfisstofnun bendir á að urðun óvirks úrgangs er starfsleyfisskyld starfsemi hjá stofnuninni. Urðunarstaðir þurfa að vera í samræmi við skipulag og matskylduákvörðun eða

⁷ [Svæðisáætlun úrgangs | SSNE.is](#)

mat á umhverfisáhrifum þar auk þess að liggja fyrir. Umhverfisstofnun bendir á að málshraðaviðið fyrir vinnslu starfsleyfa eru átta mánuðir frá því að fullnægjandi umsókn liggur fyrir.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Einnig vill Umhverfisstofnun benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040. Uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að stefnt er að uppfærslu áætlunarinnar fyrri hluta þessa árs.

Loftgæði

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*, þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 fjalla um að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að aðalskipulagið sé í samræmi við lögin og bendir á vefsíðuna www.vatn.is fyrir frekari upplýsingar.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera **í samræmi** við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Lög um stjórn vatnamála ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla) og öll skilgreind vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni

ekki. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns.

Í greinargerð segir að skv. vatnaáætlun eru engin vatnshlot í Þingeyjarsveit metin í óvissu eða hættu um að ná ekki umhverfismarkmiðum.

Umhverfisstofnun bendir að í töflu 11 á bls. 48 í Vatnaáætlun er m.a. Mývatn (102- 448-L), Dallækur (102- 1725-R), Krafla-Bjarnarflag (102-278-1-G) og Héðinshöfði (102-199-G) metin í óvissu. Hægt er að sjá helstu álagsþættir skv. álagsgreiningu 2013, en þeir eru t.d. hætta á efnamengun vegna losunar affallsvatns frá jarðvarmavirkjunum.⁸

Umhverfisstofnun bendir á að ef það er óvissa þarf að meta raunverulegt ástand þeirra og sjá til þess að álag á vatnshlotin aukist ekki.

Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfsemi eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Í því felst að fjalla skal um og meta áhrif framkvæmdarinnar á gæðabætti þess/þeirra vatnshlota sem um ræðir og hvort framkvæmdin geti leitt til þess að þau ná ekki umhverfismarkmiðum.

Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin. Umhverfisstofnun bendir á að við útgáfu framkvæmdaleyfis þarf það að vera í samræmi við stefnumörkun Vatnaáætlunar. Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaaðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Fjöldmörg verkefni eru innan áætlunar sveitarfélagsins sem geta haft áhrif á vatn eins og veglagning, vatnstaka, orkuvinnsla, efnistaka í ám (t.d. E-332 og E-335), efnistaka á sjávarbotni, fráveitumál, íbúðabyggð, athafnarsvæði (AT-661) o.s.frv. Sama á við um efnistöku til eigin nota: „Efnistaka úr farvegum straumvatna og botni stöðuvatna er heimil án afmörkunar í aðalskipulagi ef gögn í framkvæmdaleyfisumsókn sýna fram á óveruleg umhverfisáhrif.“

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna. Fjarlæging á efni (set og mül) úr vatnshlotum getur haft neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að virkjanir valda vatnsformfræðilegu álagi á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið hnignun á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins.

Efnistaka

Í greinargerð segir að eiganda eða umráðamanni eignarlands sé heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða

⁸ [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Efnistaka úr farvegum straumvatna og botni stöðuvatna er heimil án afmörkunar í aðalskipulagi ef gögn í framkvæmdaleyfisumsókn sýna fram á óveruleg umhverfisáhrif. Slík efnistaka er háð leyfi Fiskistofu. Að öðru leyti er efnistaka háð framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvað er átt við með minni háttar efnistaka, auk þess bendir Umhverfisstofnun á lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun eins og fjallað var um hér að ofan.

Það er mat Umhverfisstofnunar að efnistaka fari almennt ekki saman við skilmála friðlýstra svæða eða svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum þar sem eru jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að efnistakan sé ekki á landi sem hefur hátt verndargildi. Mikilvægt er að tekið sé tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi, sbr. reglugerð 772/2012. Auk þess þarf að mati stofnunarinnar að skilgreina nánar stærð og efnismagn náma eins E-571.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Búsvæði sela

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru selalátur, m.a. við árósa Skjálfandafljóts (<http://selalatur.ni.is/>). Umhverfisstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við selalátur.

Óbyggð víðerni

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.

Afbreyingarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settir sé skýrari skilmálar varðandi uppbyggingu á afbreyingarstöðum, hvernig staðan er á svæðunum í dag, t.d. stærð skála og hverjar eru leyfilegar byggingarheimildir skála og stærð bílastæða. Gert er ráð fyrir mannvirkjum sem þjóna móttöku og öryggi gesta, svo sem bílastæðum, fræðsluskiltum, stígum, pöllum, salernum og þjónustuhúsi.

Uppdrættir

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að vötn hafi fyllingu en ekki bara sýndar útlínur og sett séu inn fleiri örnefni, sérstaklega á dreifbýlisuppdráttum.

Auk þess þarf að setja birkiskóga sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga inn á skýringauppdrautt 1.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri